
DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA FYRIRHUGAÐRAR MÖLUNARVERKSMIÐJU Í ÞORLÁKSHÖFN



GYLFI HELGASON

REYKJAVÍK 2023
FS941-23151

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af vörðu (ÁR-720:028_08), borft til norðausturs.

Ljósmynd: Gylfi Helgason

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆDRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var á vormánuðum í og við Þorlákshöfn. Skráningin var unnin fyrir HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM) vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar mólunarverksmiðju á svæðinu. Tveir valkostir voru teknir út. Í matsáætlun eru valkostirnir nefndir valkostur/svæði 1 og valkostur/svæði 2. Svæði 1 er rétt norðvestan við Skötubót í Þorlákshöfn. Úttektarsvæðið þar er um 6,5 ha að stærð og er það rétt sunnan við golfvöll Þorlákshafnar. Svæði 2 er vestan Þorlákshafnar en sunnan Suðurstrandarvegur 427. Það er um 34 ha að stærð en hluti þess er í sjó.

Aðalskráning fyrir jörðina Þorlákshöfn var gerð árið 1999 endurskoðuð að hluta 2021. Deiliskráning var gerð á hluta af svæði 2 árið 2022 vegna hugmynda um byggingu fiskeldis. Við fornleifaúttekt vorið 2023 voru bæði úttektarsvæðin þaulgengin í leit að áður óþekktum minjum og þær mældar upp með nákvæmum hætti. Alls voru skráðar níu minjar innan svæðisins, annars vegar vörður á gamalli þjóðleið og hins vegar staðsetning gamallar leiðar Hafnargötu (sem lá milli Þorlákshafnar og Breiðabólstaðar).

Efnisorð

Fornleifaskráning, vörður, leiðir, mólunarverksmiðja, HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM), Þorlákshöfn

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in the spring of 2023. The survey was done in advance of planned aggregate factory and was carried out for HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM). Two areas were assessed. Assessment area no 1 is NW of Skötubót. It is c 6.5 ha in size and it is just south of the Þorlákshöfn's golf course. The area is fringed by the street Óseyrarbraut to the west, a seawall to the east and industrial area to the south. Assessment area no 2 is between Keflavík (place name) and the road Suðurstrandarvegur 427. The area is c 34 ha in size, but a large part of the area lies in the sea.

Two general surveys have been carried out in Þorlákshöfn, one in 1999 and in 2021. A detailed survey was also undertaken over a part of the assessment area no 2 in 2022 because of a planned aquaculture. In the 2023 survey, nine archaeological sites were surveyed. The sites were either waymarkers or old routes.

Keywords

Archaeology, detailed survey, old routes, cairns, HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM), Þorlákshöfn

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	6
2	SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	8
3	AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	10
4	FORNLEIFASKRÁ.....	12
5	FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS.....	15
	HEIMILDASKRÁ.....	21

VIÐAUKI

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Í vorbyrjun 2023 fór HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM) þess á leit að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér skráningu fornleifa á tveimur úttektarsvæðum í og við Þorlákshöfn vegna fyrirætlana um uppbyggingu mólunarverksmiðju á svæðinu. Tveir valkostir voru teknir út. Í matsáætlun voru valkostirnir nefndir: valkostur 1 og valkostur 2. Til hagræðingar þá verður í þessari skýrslu notað heitið svæði 1 fyrir þann hluta sem nefndur er valkostur 1 og svæði 2 fyrir valkost 2. Svæði 1 (sem er um 6.5 ha að stærð) er í norðurjaðri Þorlákshafnar, rétt sunnan við golfvöll bæjarins. Til vesturs afmarkast svæðið að Óseyrarbraut, til austurs að sjávarvarnargarði og iðnaðarsvæði til suðurs. Svæði 2 vestan við Þorlákshöfn og neðan eða sunnan Suðurstrandarvegar 427. Það er um 34 ha að stærð en hluti þess er úti í sjó (sjá mynd 1, bls. 7).

Árið 1999 voru minjar innan Þorlákshafnar aðalskráðar af Fornleifastofnun Íslands.¹ Aðalskráningin var endurskoðuð árið 2021 af VG-fornleifarannsóknnum.² Að auki hafði norðurhluta svæðis 2 verið kannaður árið 2022 vegna ráðagerða um uppbyggingu eldisstöðvar þar.³

Samtals voru skráðar níu minjar innan úttektarsvæðanna úr þessum skráningum, ein innan svæðis 1 og átta á svæði 2.


Um skráningu, skýrslugerð og kortavinnu sá Gylfi Helgason og eru allar ljósmyndir í skýrslunni teknar af Gylfa. Skýrsla þessi byggð upp á sama hátt og deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um skráningarkerfi FSÍ og aðferðir og í þeim fjórða er skrá yfir fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta og síðasta kaflanum er umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæðanna

¹ Hildur Gestsdóttir 1999.

² Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir 2021.

³ Gylfi Helgason 2022.

og helstu niðurstöður. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá (ISN93) fyrir alla minjastaði og minjakort (ásamt hnitsettu herforingjaráðskorti).



Mynd 1. Yfirlitskort yfir svæðin tvö sem tekin voru út. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-548:001). Þær minjar sem skráðar voru vorið 2023 eru skráðar undir fornleifar á fleiri en einni jörð (ÁR-720). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan marka skipulags. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir viki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2. Skýringarmynd. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörðu; Ölfushreppur

ÁR-720:028_01 *Selvogsgata* heimild um leið

A 378850 N 373876

Vörðuð leið er merkt frá Nesi í Selvogi og til austurs, að Þorlákshöfn (ÁR-548) inn á herforingjaráðskort frá 1909. Leiðin er gengin enn í dag. Hluti leiðarinnar í landi Þorlákshafnar var tekinn út vegna deiliskipulags 2023 nokkru norðvestan við Keflavík og við landamerkin að Nesi (ÁR-549). Á þessum slóðum liggur leiðin í gegnum sandorpið og gróðursnautt hraun. Nokkrar hálfgrónar sandöldur eru rétt sunnan og norðan við leiðina. Í aðalskráningu Þorlákshafnar 1999 var leiðin skráð undir númerinu ÁR-720:010 og í endurskoðunadalskráningar frá 2021 hefur þessi leið númerið 73. Engin ummerki fundust um leiðina innan úttekarsvæðis 2023. Sennilega hefur leiðin máðst út með tíð og tíma (og sandfoks) en einnig hefur nýlegur slóði sem liggur um úttekarsvæðið mögulega raskað einhverjum hluta hennar í landi Þorlákshafnar. Þótt ekki sæust merki um sjálfar göturnar var leiðin vörðuð og voru samtals skráðar sjö vörður á leiðinni innan svæðis 1 og töldust þær í stórhættu vegna framkvæmdanna. Þær eru sennilega fornar í grunninn en hafa hrunið og steinar settir þar sem grunnar þeirra voru.

Hættumat: Stórhætta

Heimildir: Hkort 38 NV; Hildur Gestsdóttur 1999, bls. 32; Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir 2021, bls. 99.

ÁR-720:028_02 varða samgöngubót

A 378949 N 373868



Varða 028_02, horft til norðurs.

Varða 02 er austast á svæði 2. Hún er nær alveg hrúin og er aðeins 0,2 m á hæð og 0,4 m á kant. Hún er hlaðin úr a.m.k. sex steinum en nokkur grjótdreif er umhverfis vörðuna og er líklega (a.m.k. að hluta til) hrún úr henni. Í miðju vörðunni er nær fallin trjádrumbur.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:028_03 varða samgöngubót

A 378930 N 373860



Varða 028_03, horft til norðurs.

Varða 03 er 20 m vestan við vörðu 02. Varðan er nær alveg fallin, hún er 0,2 m á hæð og aðeins neðsta umfarið sést. Varðan er 0,3 x 0,3 m að stærð og hlaðin úr 4-6 steinum.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:028_04 varða samgöngubót

A 378877 N 373849

Varða 04 er um 40 m vestan við vörðu 03. Varðan er 0,6 m á kant og 0,5 á hæð. Hún er hlaðin ofan á stórrí grjótklöpp og er um 1 m á hæð ef klöppin er talin með. Varðan er hlaðin úr a.m.k. 15 smáum steinum en grjótið í botni hennar er ívið stærra en grjótið sem er efst á vörðunni.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:028_05 varða samgöngubót



Varða 028_05, horft til VNV.

A 378706 N 373813

Varða 05 er rúmum 170 m vestan við vörðu 04. Varðan er hálf hrunin og stendur norðarlega á gróðursnaudri klöpp. Hún er 0,5 x 0,4 m að stærð og 0,4 m á hæð, 0,8 ef klöppin er tekin með. Varðan er hlaðin úr sjö steinum en norðan við hana er grjótdreif sem líklega er hrun úr henni.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:028_06 varða samgöngubót



Varða 028_06, horft til VSV.

A 378644 N 373800

Varða 06 er um 65 m vestan við vörðu 05. Varðan er 0,3 x 0,3 m að stærð og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin er smágrýti en efst á henni er einn stór steinn. Mögulega hefur varðan verið hlaðin utan um trjádrumb en við hana sjást spýtuleifar.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:028_07 varða samgöngubót



Varða 028_07, horft til VSV.

A 378596 N 373780

Varða 07 er um 50 m VSV við vörðu 06. Varðan er 0,5 x 0,2 m að stærð, snýr norður-suður og er 0,4 m á hæð. Hún er hlaðin er meðalstóru grjóti, allt að 12 steinum.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:028_08 varða samgöngubót



Varða 028_08, horft til SSV.

A 378562 N 373763

Varða 08 er um 40 m VSV við vörðu 07. Varðan er 0,3 m á hæð og 0,4 x 0,2 m að stærð. Hún er hlaðin úr litlu grjóti, fremur illa gerð og lítur út eins og að grjóti verið safnað saman í hrúgu.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-720:029 *Hafnargata* heimild um leið

A 381967 N 357918

Leið er merkt inn á herforingjaráðskorti frá 1909. Samkvæmt kortinu lá leiðin frá Þorlákshöfn (ÁR-548) til norðurs og að Breiðabólstað (ÁR-544). Í ornefnaskrá Breiðabólstaðar segir: „Fyrir austan Grænuflöt og Harðavöll liggur gata beinustu leið til Þorlákshafnar. Hún heitir Hafnargata.“ Í endurskoðun aðalskráningar frá 2021 hefur þessi leið númerið 74. Hluti leiðarinnar í landi Þorlákshafnar var tekinn út í deiliskráningu vegna mölunarverksmiðju vorið 2023, nokkru norðvestan við Skötuböt. Leiðin lá í gegnum hálfgróið svæði og er sandur nokkur áberandi á þessum slóðum. Engin ummerki um leiðina sáust innan úttektarsvæðis árið 2023. Sennilega hefur leiðin horfið eftir að hætt var að nota hana, þ.e. hún máðst út með tíð og tíma.

Hættumat: Stórhætta

Heimildir: Hkort 38 NV; Ö-Breiðabólstaður, 1; Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir 2021, bls. 100.

5 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

Skráning forminja vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn var unnin snemma vors 2023. Tekin voru út tvö svæði og voru bæði úttektarsvæðis eru langt frá gamla heimatúni Þorlákshafnar þar sem dreifing minja er þéttust.

Gróðurfar á svæði 1 var nokkuð fjölbreytt. Á suður- og SSA-hluta svæðisins einkennist það af hálfgrónum sandbreiðum. Á austurhluta svæðisins er hundagirðing og innan hennar er þéttur grasvöxtur. Á NNV-hluta svæðisins er svo fjarskiptamannvirki (b. 2022) og við það er nokkuð gróður en á vesturhlutanum er nokkuð um uppblásnar sandöldur með grasblettum á milli. Afar lítil gróður er á svæði tvö en þar er sandorpið hraun áberandi. Á stöku stað eru grasblettir eða litlar mosabreiður. Stór hluti suðursvæðisins er í sjó fram af grýttri og gróðurlítilli fjöru (þótt nokkuð sé um þang).

Samtals reyndust níu fornleifar innan úttektarsvæða (tafla 1 og 2); ein fornleif á svæði 1 og átta á svæði 2. Hér fyrir neðan verður fjallað stuttlega um fornleifarnar innan hvers svæðis en í viðauka II er minjakort af svæðinu.

Svæði 1 (valkostur 1):

Tafla 1. Fornminjar innan svæðis 1				
Samtala	Minjaeiningar	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
ÁR-720:029	1	Hafnargata	Heimild	Leið




Svæði 1 er um 6.5 ha að stærð. Svæðið er norðan við þéttbýlið og rétt sunnan við golfvöll Þorlákshafnar. Til vesturs afmarkast svæðið að Óseyrarbraut, til austurs að sjávarvarnargarði og iðnaðarsvæði til suðurs Aðeins ein fornleif var skráð innan svæðis og er það heimild um leið sem lá á þessum slóðum og nefnda var Hafnargata (ÁR-720:029). Engin ummerki um hana sáust innan úttektarsvæðis og líklega hefur hún máðst út með tíð og tíma enda án efa talsvert sandfok á þessum slóðum.

Svæði 2 (valkostur 2):

Tafla 2. Fornminjar innan svæðis 2

Samtala	Minjaeiningar	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
ÁR-720:028_01	1	Selvogsgata	Heimild	Leið
ÁR-720:028_02	1		Varða	Samgöngubót
ÁR-720:028_03	1		Varða	Samgöngubót
ÁR-720:028_04	1		Varða	Samgöngubót
ÁR-720:028_05	1		Varða	Samgöngubót
ÁR-720:028_06	1		Varða	Samgöngubót
ÁR-720:028_07	1		Varða	Samgöngubót
ÁR-720:028_08	1		Varða	Samgöngubót



Mynd 4. Fornleifar innan svæðis 2. Loftmynd frá loftmyndum ehf

Svæði 2 er vestan Þorlákshafnar en sunnan Suðurstrandarveggar 427. Það er það samtals um 34 ha. Að stærð en er í raun skipt upp í tvennt og ersuðurlhuti svæðisins í sjó. Á svæðinu voru alls skráðar átta fornleifar og tengdust þær allar gamalli þjóðleið (ÁR-720:028_01) sem lá í gegnum svæðið á fyrri öldum. Þjóðleiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1909⁴ og lá milli gömlu lögbýlanna Þorlákshafnar (ÁR-548) og Ness í Selvogi (ÁR-549). Leiðin var vörðuð, a.m.k. að hluta, og í dag er hún hluti af Vitaleiðinni.⁵ Engin ummerki um leiðina sáust

innan úttektarsvæðis enda hafa ummerkin sennilega horfið fljótt

eftir að hætt var að ganga hana vegna sandfoks. Þó er ekki loku fyrir það skotið að hluti leiðarinnar hafi raskast við framkvæmda við Laxabraut (malarvegur) á svæðinu. Alls voru skráðar sjö fremur litlar vörður við þessa leið innan svæðis 2, allar á bilinu 0,2 til 0,5 m á hæð (sjá ÁR-720:028_02-08). Þær eru líklega fornar að grunni en sennilega endurhlaðnar, eða steinar settir í þær á sumum þeirra eftir að þær hafi hrunið.

Hættumat

Allar þær níu fornleifar sem skráðar voru í þessari fornleifaúttekt voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að geta þess að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifa, heldur er því aðeins ætlað að vekja athygli á því að umræddir minjastaðir gætu verið í hættu vegna áætlana um uppbyggingu innan deiliskipulagsreitsins.

⁴ H-kort 38 NV.

⁵ Vitaleið er ný ferðamannaleið. Hún liggur frá Selvogi til austurs, gegnum Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri, og endar að Knarrarósvita í Árborg.

Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisáðgerðir

Hér fyrir neðan verður, að beiðni verkkaupanda, sett fram mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisáðgerða er talið líklegt að grípa þurfi til vegna sömu minja (tafla 3). Í laganna skilningi eru allar friðaðar minjar, 100 ára og eldri, friðhelgar, þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðar. Allir minjastaðir hafa því eitthvert gildi enda eru þeir vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum. Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning (aðalskráning) nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum tegundum minja og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar. Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi minjastaða eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisáðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands er þessi misseri unnið að gerð slíkra staðla sem stofnunin hyggst fylgja í mati sem þessu. Byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum sem nú eru í vinnslu. Við mat á gildi minjastaða er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástandi og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í töflunni að neðan (sjá töflu 3) er gerð tilraun til að leggja mat á gildi minjastaða sem skráðir voru 2023, með áðurgreindum fyrirvörum. Gildi minjastaða var skipt í fjóra flokka:

a) Mjög mikið gildi: Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa sérstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.

b) Mikið gildi: Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.

c) Nokkurt gildi: Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar

mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.

d) Lítið gildi: Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisáðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna minjanna. Minjastofnun Íslands mun endanlega úrskurða hvort fornleifar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvort frekari mótvægisáðgerða séu nauðsynlegar. Hér er þó gerð tilraun til að meta gildi minjanna og líklegar mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna. Líklegt sé að Minjastofnun telji að skráning verði talin fullnægjandi mótvægisáðgerð á þeim fornleifum sem eru innan beggja svæðanna. Ef líklegt er að vörðunnar sem er innan svæðis fái að standa óhreyfðar mætti tryggja varðveislu þeirra með merkingu. Ef ljóst er að þær þurfi að víkja í framkvæmdum mun Minjastofnun Íslands ákveða hvort framkvæmdaaðili megi einfaldlega fjarlægja vörðuna eða hvort aðkomu fornleifafræðings sé nauðsynleg við niðurrifið þ.e. að fornleifafræðingur taki hana í sundur og kanni hvort hún hafi verið byggð á eldri grunni eða ekki.

Tafla 3. Gildi minjastaða og mögulegar mótvægisáðgerðir				
Samtala	Hlutverk	Mögulegar mótvægisáðgerðir	Röksæmd	Verndargildi
ÁR-720:028_01	Leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ÁR-720:028_02	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:028_03	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:028_04	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:028_05	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:028_06	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:028_07	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:028_08	Samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ÁR-720:029	Leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið

Ábrif framkvæmda á fornleifar

Hér er fjallað um áhrif framkvæmda á fornleifarnar sem byggist á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.⁶ Innan svæðis voru skráðar níu minjar, en hvorki friðlýstar minjar eða herminjar. Minjarnar sem skráðar voru reyndust flestar vörður sem tengjast gamalli þjóðleið milli Ness í Selvogi og Þorlákshafnar. Minjarnar hafa ýmist lítið eða nokkurt verndargildið en í mörgum tilfellum má vænta að fornleifaskráningin sem hér með lítur dagsins ljós gæti talist fullnægjandi mótvægisáðgerð vegna framkvæmda. Þurfi minjar innan svæðis að víkja mun Minjastofnun Íslands ákveða hvort það gerist með eða án aðkomu fornleifafræðings. Fyrirhuguð framkvæmd kemur ekki til með að skerða fjölbreytni, eða upplýsingagildi fornminja á svæðinu. Framkvæmd mun hafa áhrif á heild gamalla þjóðleiða, en ummerki um þær eru óverulegar eða engar. Niðurstaðan er því að áhrif framkvæmda á uppbyggingu mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn muni hafa bein en óveruleg áhrif á fornminjar.

⁶ Skipulagsstofnun 2005.

Heimildaskrá

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.

DI: *Diplomatarium Islandicum eda Íslenskt fornbréfasafn* I–XV. bindi. 1857–1972.
Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Gylfi Helgason. 2022. *Deiliskráning fornleifa vegna uppbyggingar eldisstöðvar Geo Salmo við Þorlákshöfn*. FS893-22031. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir. 2021. *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021: Vettvangsskráning og söguágrip*. [Útgáfustaðar ekki getið], VG-Fornleifarannsóknir.

Hildur Gestsdóttir 1999. *Fornleifaskráning í Ölfubreppi I: Fornleifar í Þorlákshöfn*. FS081-99011.
Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

H-kort 38 NV: Herforingjaráðskort 38 NV Eyrarbakki – Þorlákshöfn. 1909. Kaupmannahöfn, Generalstabens topografiske Afdeling.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Skipulagsstofnun. 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*.
Reykjavík, Skipulagsstofnun.

Ö-Breiðabólstaður. Örnefnaskrá Breiðabólstaðar (og Vindheima). 1968. Eiríkur Einarsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

Hnitaskrá ISN93




Auðkenni	Austur	Norður
ÁR-720:028_01	378850	373876
ÁR-720:028_02	378949	373868
ÁR-720:028_03	378930	373860
ÁR-720:028_04	378877	373849
ÁR-720:028_05	378706	373813
ÁR-720:028_06	378644	373800
ÁR-720:028_07	378596	373780
ÁR-720:028_08	378562	373763
ÁR-720:029	381967	357918

Viðauki 1. Minjakort



Loftmynd frá Loftmyndum ehf

Skýring

-  Svæði 1
-  Svæði 2
-  Skráðar fornleifar

Viðauki 2 Herforingjaráðskort

